



Confix m/PP-fiber

Múr til steypu- og viðgerðavinnu

Hentar við eftirfarandi aðstæður

Confix m/PP-fiber er þurr múr, til viðgerða og styrkingar á steinsteypu í 10-50 mm þykkt. Þar sem áhersla er lögð á styrk, lítila rýrnun og þéttleika.

Nokkrir notkunarmöguleikar:

- Viðgerðir á steypum gólum með eða án ílagnar
- Steypa á vatnshalla umhverfis niðurföll.
- Skrautlistasteypa.
- Almennar steinsteypuviðgerðir.

TÆKNILEGIR EIGINLEIKAR

Confix m/PP Fiber er dælanlegur þurr múr með blöndunarhlutfall u.þ.b. 1:4 af sementi á móti steinefnum með blandaðri kornastærð allt að 4,0 mm, auk bætiefna sem tryggja góða steypueiginleika og þjálmi.

Confix m/PP Fiber inniheldur pólýprópýlen trefjar, sem tryggja góða dreifingu spennukrafta við rýrnun. Trefjarnar draga einnig úr frákasti múrsins við sprautun, og sprungu- og holrýmamyndun.

Aðeins skal bæta vatni í **Confix m/PP Fiber**, sem þróað er fyrir hámarks þéttni og litla rýrnun. Sé múrnum sprautað, er mælt með votsprautun.

Confix m/PP Fiber uppfyllir skilgreindar kröfur í staðli EN 1504-9 9 („Vörur og kerfi til verndunar steinsteyptra mannvirkja, - skilgreiningar, kröfur, gæðaeftirlit og áreiðanleikamat. Almenn viðmið við notkun vara og kerfa“), stenst lágmarkskröfur í EN 1504-3 („Viðgerðir

á burðarvirkjum og mannvirkjum án álags“), sem eru gerðar til múrefna í flokki R3.

VARNAÐARORÐ

- Leggið **Confix m/PP Fiber** út í nokkrum umferðum sé þörf á mikilli viðgerðarþykkt. Við v iðgerðir á láréttum flötum, má fylla upp í einu lagi.
- Þynnið ekki með vatni eftir að múrinn byrjar að harðna eða taka sig.
- Notið ekki **Confix Fin** úr áður opnuðum, eða sködduðum pokum.

LEIÐBEININGAR

Undirbúningur undirlags

Allir fletir skulu vera fullharðnaðir, heilir, þurrir og lausir við óhreinindi. Nauðsynlegt kann að reynast að hreinsa með meitli eða sandblæstri. Meitlið í 10-20 mm dýpt í köntum viðgerðarsvæðis til þess að forðast að þykkt viðgerðarmúrsins minnki um of. Vætið síðan yfirborð steypunnar, helst deginum fyrir og látið þorna. Þurrkið burt vatnsfilmu á yfirborði.

Mixing

Lítið magn má blanda með borvélarhræru. Notið steypuhrærivél fyrir meira magn. Hræslutími er að lágmarki 3 mín. Þykkt eða þjálmur er stillt með magni vatns, en varist að nota meira vatn en upp er gefið, u.þ.b. 3,25 lítra á 25 kg poka. Það getur aukið rýrnun og dregið úr þéttleika og styrk múrsins. Þ þykktin fer yfir 50mm þá mælum við með að bæta við ca. 30% mól 8-12.

Notið múrinn innan 2 klst frá blöndun. Bætið aldrei við vatni, eftir að hörðun er hafin.

Múrvinna

Leggið múrblönduna á undirlagið með venjulegum handverkfærum, eða notið sprautu. Tryggið að múrinn leggist nægilega þétt. Vinnsluhitabil er +5°C til +35°C.

Binding við undirlag

Til að ná fram betri viðloðun við undirlag, má grunna fyrst með **Mapepoxy L** á votan flötinn. **Mapepoxy L** er borið á harða steypuna með pensli, eða gúmmibretti á slétt yfirborð. Á stærri fleti má nota sprautu. Athugið að **Mapepoxy L** verður að bera á, innan uppgefins vinnslutíma (ræðst af hitastigi). Leggið **Confix m/PP Fiber** yfir **Mapepoxy L** límið innan uppgefins tíma. Sé farið yfir þau mörk, skal dreifa sandi á yfirborð **Mapepoxy L** og endurtaka aðgerðina. Þetta verklag má viðhafa við hvaða hitastig sem er innan uppgefins marka. Að jafnaði verður árangur bestur, sé steinsteypan þurr, en smávegis raki má þó vera til staðar (sjá tækniblað yfir **Mapepoxy L**).

Eftirmeðferð

Mælt er með notkun hjálparefna á borð við **Mapecure 1**, **Cur-Imp** eða **Mapecure WF-75**, strax eftir að múrvinnu lýkur. Yfirborð skal einnig væta reglulega næstu 3-4 daga, eða hylja með plastfilmu. Mælt er með notkun plastfilmu, þegar hjálparefni eru notuð.

Hreinsun áhalda

Hreinsið áhöld með vatni áður en múrinn harðnar. Gerist það er einungis unnt að hreinsa áhöld með slípun eða öðrum verkfærum.

Efnisnotkun

2 kg/lítra af fullblönduðum múr.

Pökkun

Confix m/PP-fiber er afgreitt í 25 kg pokum, 500 og 1200 kg stórsekkjum.

Geymsla

Confix m/PP-fiber þolir geymslu í 12 mánuði í upprunalegum umbúðum á þurrum stað. Varan uppfyllir viðmið skv. Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH), Viðauka XVII, grein 47.

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR VARÐANDI UNDIRBÚNING OG NOTKUN

Leiðbeiningar um örugga notkun á vörum okkar er að finna á nýjustu útgáfu af öryggisblaði sem er í boði á heimasíðu okkar www.mapei.no okkar.

VARA ÆTLUÐ FAGMÖNNUM TIL NOTKUNAR.

VIÐVÖRUN

Þótt þær tæknilegu upplýsingar og ráðleggingar sem er að finna í þessu upplýsingablaði um vöruna séu í samræmi við bestu vitund okkar og reynslu eru allar ofangreindar upplýsingar aðeins til viðmiðunar í hverju tilviki fyrir sig og ber að líta á þær sem upplýsingar sem bíða staðfestingar eftir lengri notkun. Því verður hver sá sem hyggst nota vöruna að ganga úr skugga um það fyrirfram að hún henti til ætlaðrar notkunar. Notandinn er í öllum tilfellum einn að fullu ábyrgur fyrir öllum afleiðingum af notkun vörunnar.

Kynntu þér vinsamlegast gildandi útgáfu af tækniblaðinu sem finna má á vefsetri okkar, www.mapei.no

TILKYNNING UM LAGALEG ATRIÐI

Innihald þessa tækniblaðs („TDS“) má afrita í annað skjal tengt verkefni, en endanlega skjalið skal ekki vera viðbót eða koma í staðinn fyrir tækniblaðið sem er í gildi á þeim tíma sem vara Mapei er notuð. Hægt er að hlaða niður nýjustu tækniblaðinu frá heimasíðu okkar á www.mapei.no

ALLAR BREYTINGAR Á ORÐALAGI EÐA KRÖFUM SEM FELAST Í EÐA REKJA MÁ TIL ÞESSA ÖRYGGISBLAÐS ÓGILDA ÁBYRGÐ MAPEI.

Allar upplýsingar um vöruna eru fáanlegar samkvæmt beiðni frá www.mapei.no

TÆKNIUPLÝSINGAR (dæmigerð gildi)

Vörulýsing

Flokkun vöru EN 1504-3:

R3

Gerð:

CC

Eðlisástand:

Duft

Litur:

Grár

Kornastærð:

Náttúrusandur 0-4 mm

Bindiefni:

Sement

Chloride content - minimum requirements
< 0,05 % - according to EN 1015-17 (%):

≤ 0.05

Samsetning og eiginleikar blöndu (20°C og 50% loftraki)

Litur blöndu:

Grár

Blöndunarhlutfall:

100 hlutar **Confix m/PP Fiber**, og 14 hlutar vatns
(upb 3,5 lítrar vatns á 25 kg poka)

Áferð blöndu:

Breytilegt álagstengt flot (thixotropic)

Eðlismassi blöndu (kg/m³):

2 200

Sýrustig (pH):

> 12

Vinnsluhitabil:

+5°C- +35°C

Vinnslutími:

Um 2 klst (í fláti)

Endanlegir eiginleikar (13% vatnsinnihald)

Eiginleiki	Mæliaðferð	Kröfur skv. EN 1504-3 múrefni í flokki R3	Niðurstöður
Prýstipól (MPa):	EN 12190	>= 25 eftir 28 daga	10 (eftir 1 dag) 20 (eftir 7 daga) 40 (eftir 28 daga)
Beygjuþol (MPa):	EN 196-1	Ekki krafist	>3 (eftir 1 dag) >4 (eftir 7 daga) >6 (eftir 28 daga)
Þol gagnvart afkölkun (carbonation)	EN 13295	$D_k \leq$ viðmið (MC(0,45))	Uppfyllir kröfur
Prýstifjaðurstuðull (GPa):	EN 13412	≥ 15	23 (eftir 28 daga)
Viðloðun við steinsteypu (gerð MC 0,40, v/c = 0,40) skv. EN 1766 (Mpa):	EN 1542	>= 1,5 eftir 28 daga	>3,0 (eftir 28 daga)
Hárpípusog (kg/m²*klst⁰.⁵):	EN 13057	≤ 0.5	< 0.29
Hitasveifluþol (frost/þíða) með afisunarsöltum, mælt skv. EN 1542 (Mpa):	EN 13687-1	>= 1,5 (50 sveiflur)	> 2.0
Brunaðol:	Euroclass	Yfirlýsing framleiðanda	A1

Öll afritun texta, mynda og skýringamynda úr þessum bæklingi er bönnuð, og gæti leitt til málsóknar.

10030-06-2018 (IS)



BUILDING THE FUTURE